Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna

Erindi nr. HH16U146.0002
Dags. 21.12.2016

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 2. mál á 146. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017

Hagsmunasamtök heimilanna taka almennt ekki sérstaka afstöðu til fjárlaga eða skattamála nema að því leyti sem einstök efnisatriði þeirra kunna að snerta málefnasvið samtakanna. Að svo stöddu eru því ekki gerðar sérstakar athugasemdir við efni þess frumvarps sem hér um ræðir. Aftur á móti vilja samtökin nota þetta tækifæri til að koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

Eins og alkunnugt er kvað Hæstiréttur Íslands árið 2010 upp dóma sem staðfestu að gengistrygging lánsfjár væri ólögmæt samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í kjölfarið féll svo dómur í máli nr. 471/2010 þar sem kveðið var á um að við endurútreikning slíks láns skyldi miða við vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Með hliðsjón af þeim dómi og á grundvelli laga nr. 151/2010 sem breyttu lögum nr. 38/2001, voru tugþúsundir slíkra lána endurreiknuð og leiðrétt. Í þeim tilfellum sem þau lán höfðu verið greidd upp og endurútreikningar sýndu að lántakendur ættu inneign hjá lánveitanda vegna ofgreiðslu af lánunum, voru þær fjárhæðir í flestum tilvikum endurgreiddar til lántakenda með vöxtum samkvæmt sömu lagaákvæðum. Þar sem vextir teljast almennt til skattskyldra fjármagnstekna var samhliða þessu jafnframt girt fyrir það með ákvæði XL til bráðabirgða við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt sbr. c-lið 6. gr. laga nr. 164/2010 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þar sem kveðið var á um að slíkir inneignarvextir skyldu ekki teljast til fjármagnstekna, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum aðeins árin 2010 og 2011.

Þann 15. febrúar 2012 kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í máli nr. 600/2011, og fleiri dóma í kjölfar þess, þar sem mótast hefur svokölluð fullnaðarkvittanaregla um endurútreikning gengistryggðra lána. Á grundvelli þeirrar reglu hefur þurft að leiðrétta fyrri endurútreikninga slíkra lána, sem hefur í fjölda tilfella leitt til enn frekari lækkunar eftirstöðva þeirra, eða leitt í ljós frekari inneign vegna ofgreiðslna af lánum sem höfðu þegar verið greidd upp að fullu. Í kjölfarið hafa slíkar inneignir í mörgum tilvikum einnig verið endurgreiddar, með vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Vegna ýmissa tafa sem orðið hafa á leiðréttingum endurútreikninga af hálfu lánveitenda, hafa lántakendur þó í fjölda tilfella þurft að bíða lengur en góðu hófi gegnir eftir leiðréttu uppgjöri og eftir atvikum endurgreiðslum. Þar sem fyrningartími slíkra uppgjörskrafna var ákvarðaður til fjögurra ára frá 16. júní 2010 með ákvæði XIV til bráðabirgða við lög nr. 38/2001 sbr. 2. gr. laga nr. 151/2001, þótti nauðsynlegt að lengja þann fyrningartíma í átta ár með breytingu samkvæmt lögum nr. 38/2014. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga var sú breyting ítarlega rökstudd með vísan til framangreindra atvika auk upplýsinga um mikinn fjölda ágreiningsmála sem væru enn til meðferðar hjá dómstólum, og þótti það benda til þess að réttaróvissa tengd gengistryggðum lánum heyrði ekki sögunni til.

Eins og að framan var rakið, hafa endurútreikningar og uppgjör vegna gengistryggðra lána, tafist langt umfram það sem virðist hafa verið búist við þegar mótuð var stefna um viðbrögð af hálfu stjórnvalda við þeim aðstæðum sem komu upp í kjölfar dóma um ólögmæti gengistryggingar. Vegna þeirra umbreytinga sem hafa orðið á fjármálakerfinu á undanförnum árum, þar sem heilu lánasöfnin hafa jafnvel ítrekað verið færð milli fjármálafyrirtækja, hafa slíkir endurútreikningar tafist svo árum skiptir í einhverjum tilfellum. Hagsmunasamtökum heimilanna er til að mynda kunnugt um tilvik þar sem félagsmenn í samtökunum hafa ekki enn fengið leiðréttan endurútreikning gengistryggðra lána, og jafnvel verið neitað um það af hálfu fjármálafyrirtækja. Jafnframt er fjöldi ágreiningsmála um slík lán enn til meðferðar hjá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, eða dómstólum eins og hægt er að sjá á vefsíðum þeirra. Það er því óheppilegt að gildistími ákvæðis XL til bráðabirgða við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, skuli hafa runnið út án þess að vera framlengdur, og að því er virðist án nokkurrar umræðu eða endurskoðunar. Auk þess stendur það í beinu ósamræmi við breytingar á lögum nr. 38/2001 sem framlengdu fyrningu slíkra uppgjörskrafna til ársins 2018.

Í nýlegum úrskurði yfirskattanefndar nr. 239/2016 var um ræða mál vegna gjaldársins 2014, þar sem Ríkisskattstjóri sakaði aðila um að hafa vantalið fram sem fjármagnstekjur, vexti sem fjármálafyrirtæki hafði reiknað á endurgreiðslu vegna leiðréttingar á gengistryggðu láni sem hafði verið greitt upp að fullu og umfram það í desember 2011. Yfirskattanefnd staðfesti ákvörðunina sem þýðir að kærendum verður gert að greiða 20% fjármagnstekjuskatt af vöxtum á endurgreiðslu fjárhæða sem þau voru í raun hlunnfarin um á grundvelli ólöglegra skilmála í lánasamningum sem fjármálafyrirtæki útbjuggu í vondri trú, og frömdu með því vísvitandi lögbrot gegn tugþúsundum einstaklinga.

Þessi niðurstaða er gjörsamlega óásættanleg og fer þvert gegn öllu velsæmi. Fjármagnstekjuskattur er í eðli sínu skattur á hagnað af fjárfestingum, en í þessu tilviki var ekki um fjárfestingu að ræða heldur lántöku, og fer slík skattheimta því þvert gegn tilgangi skattsins. Auk þess er í raun enginn hagnaður til að skattleggja, þar sem aðeins er um að ræða endurheimtur þýfis, með sanngjörnum bótum fyrir þann tíma sem hinn brotlegi aðili hafði það undir höndum til eigin afnota. Jafnframt er með öllu óviðeigandi að ríkissjóður skuli geta hagnast á lögbrotum með því að skerða réttmætar endurheimtur brotaþola, í brotaflokki sem hefur valdið þjóðinni fordæmalausum búsifjum.* Enn fremur brýtur það í bága við almenn jafnræðissjónarmið að mismuna þolendum slíkra brota, á grundvelli þess eins að í sumum tilfellum hafi hinir brotlegu dregið það úr öllu hófi fram að skila þeim þýfinu.

Hagsmunasamtök heimilanna skora hér með á efnahags- og viðskiptanefnd, og Alþingismenn alla, að taka höndum saman um að fella orðin “á árunum 2010 og 2011” brott úr ákvæði XL til bráðabirgða við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt. Engin ástæða er til þess að slíkt ákvæði sé tímabundið, þar sem sú takmörkun skapar réttaróreiðu og brenglaða hvata eins og hér hefur nú verið rakið. Jafnframt er nauðsynlegt að kveða á um endurgreiðslu til einstaklinga sem kunna nú þegar að hafa verið krafðir um skatta að ófyrirsynju vegna þeirra mistaka sem urðu við lagasetninguna árið 2010.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

* Beint tjón var talið nema a.m.k. 350 milljörðum króna í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2011

146. löggjafarþing 2016–2017.
skjal ____ — 2. mál.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017.

Flm. _____

Á eftir 1. gr. frumvarpins komi ný grein svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XL í lögunum:

a. Orðin „á árunum 2010 og 2011" í 1. málsl. falla brott.

b. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi:

Hafi fjármagnstekjuskattur verið lagður á inneignarvexti skuldara skal það fé sem þannig hefur verið innheimt endurgreiðast samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1995.

Athugasemdir við breytingartillögu þessa.

Tilgangur breytingartillögu þessarar er sá að leiðrétta mistök sem virðast hafa átt sér stað við setningu laga nr. 164/2010 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nánar tiltekið í c-lið 6. gr. þeirra laga. Með ákvæðinu var nýju ákvæði XL til bráðabirgða bætt við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt í tilefni af dómum Hæstaréttar Íslands árið 2010 um ólögmæti gengistryggingar lánsfjár. Samkvæmt ákvæðinu var gert ráð fyrir því að vextir sem ákvarðaðir yrðu á inneign skuldara vegna ofgreiðslu af gengistryggðu láni skyldu ekki teljast til skattskyldra fjármagnstekna, og þar af leiðandi verða undanþegnir fjármagnstekjuskatti. Af einhverjum ástæðum var gildistími ákvæðisins þó einskorðaður við tekjuárin 2010 og 2011, en eftir það hafa fallið fleiri dómar sem leitt hafa til enn frekari leiðréttinga og lækkunar eftirstöðva eða endurgreiðslu til skuldara og vegna þess hafa margvíslegar tafir orðið á endanlegu uppgjöri slíkra mála í sumum tilfellum. Jafnframt eru enn óleyst ýmis álitaefni er varða uppgjör gengisbundinna lána, og eru fjölmörg ágreiningsmál þar að lútandi enn til meðferðar hjá dómstólum og úrskurðarnefndum á stjórnsýslustigi. Af þeim sökum var fyrningartími slíkra uppgjörskrafna framlengdur til átta ára frá 16. júní 2010 talið, með lögum nr. 38/2014 um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Svo gætt sé samræmis og jafnræðis gagnvart skattþegnum er því nauðsynlegt að framlengja gildistíma umrædds ákvæðis um undanþágu vaxta af slíkum uppgjörskröfum frá fjármagnstekjuskatti. Lagt er til að takmörkun á gildistíma ákvæðisins verði felld niður og það verði þess í stað ótímabundið, enda er engin ástæða til slíkrar takmörkunar og heldur ekki útséð með hvenær uppgjöri allra slíkra mála muni verða endanlega lokið. Þá er einnig lagt til að í þeim tilvikum sem vextir af slíkum uppgjörskröfum hafa verið skattlagðir frá lokum upphaflegs gildistíma ákvæðisins, verði það leiðrétt með endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.